

Lesskilningur

stuttar sögur og verkefni


Hér er verið að vinna með persónufornöfn, fatnað og liti.

Nemendur lesa textann og fylgja fyrirmælum
hvernig á að lita myndina.

Myndirnar eru af heimasíðunni
mycutegraphic.com

Lesskilningur

stuttar sögur og verkefni



nafn:

Þetta er Pési.

Pési er með brúnt hár.


**Hann er í grænum
stuttermabol.**

Hann er í bláum buxum.

Bakpokinn hans er rauður.

Bókin hans er bleik.

Pési er í brúnum skóm.



1. Hvað heitir strákurinn?

2. Hvernig er bókin hans á litinn?

3. Hvernig er bakpokinn hans á litinn?

Þetta er Lóa

Lóa á afmæli í dag.

Hún er í gulum bol.

Hún er í bleikum buxum.

**Afmælishatturinn hennar er
gulur og rauður.**

**Skrifaðu aldurinn hennar á
blöðruna og litaðu blöðruna í
uppáhaldslitnum þínum.**



1. Hvað heitir hún?

2. Hvernig er bolurinn hennar á litinn?

3. Hvernig er blaðran hennar á litinn?


Þetta er Óli.

Óli er með svart hár.

Hann er í rauðum bol.

Hann er í grænum buxum.

**Óli er í brúnum skóm með
bleikum skóreimum.**



1. Hvað heitir strákurinn?

2. Hvernig er bolurinn hans á litinn?

3. Hvernig er hárið hans á litinn?

Þetta er Elís.

Hán er með svart hár.

Hán er í gulum stuttermabol.

Hán er í bláum buxum.

Hán er í brúnum skóm.

Hán á svartan og hvítan kött.



1. Hvað heitir hán?

2. Á hán kött eða hund?

3. Hvað viltu að kötturinn heiti?


Þetta er Anna.

Hún er með gult hár.

Hún er í bleikum bol.

Hún er í grænum buxum.

**Anna er í rauðum skóm
með bláum skóreimum**



1. Hvað heitir hún?

2. Hvernig er bolurinn hennar á litinn?

3. Hvernig er hárið hennar á litinn?

Þetta er Ása.


Hún er með brúnt hár.

Hún er í röndóttum bol.

Hún er í gráum buxum.

**Ása er í grænum skóm
með gulum skóreimum.**

Ása notar gleraugu.



1. Hvað heitir hún?

2. Hvernig eru skóreimarnar hennar á litinn?

3. Hvernig er hárið hennar á litinn?


Þetta er LÍAM

Hann er með svart hár.

Hann er í bleikum bol.

**Hann er í grænum buxum
með rauðum doppum.**

**LÍAM er í fjólubláum
hjólaskautum.**



1. Hvað heitir strákurinn?

2. Hvernig er hárið hans á litinn?

3. Hvernig eru hjólaskautarnir hans á litinn?

Þetta er Danni.


Danni á afmæli í dag.

Hann er í appelsínugulum bol.

**Hann er í svörtum buxum með
bleikri bót.**

**Afmælishatturinn hans er
gulur og rauður.**

**Skrifaðu aldurinn hans á
blöðruna og litaðu blöðruna í
uppáhaldslitnum þínum.**



1. Hvað heitir hún?

2. Hvernig er bolurinn hennar á litinn?

3. Hvernig er hárið hennar á litinn?

Þetta er Kári

Hann er með svart hár.

Hann er í bláum bol.

Hann er í svörtum buxum.

Hann er að hlusta á tónlist.

Heyrnartólin hans eru rauð.



1. Hvað heitir hann?

2. Hvernig er bolurinn hans á litinn?

3. Hvaða lag heldur þú að hann sé að hlusta á?

Þetta er Lási.


Hann er með svart hár.

**Hann er í bláum bol með
gulri stjörnu á.**

Hann er í svörtum buxum.

Skórnir hans eru brúnir.

**Skikkjan hans og gríman hans
eru rauð.**



1. Hvað heitir strákurinn?

2. Hvernig er gríman hans á litinn?

3. Hvernig er hárið hans á litinn?

Þetta er Aníta


Hún er með brúnt hár.

**Hún er í bleikum
stuttermabol.**

Hún er í svörtu pilsí.

Skórnir hennar eru brúnir.

**Hún heldur á rauðum
blómum.**



1. Hvað heitir stelpa?

2. Hvernig eru blómin hennar á litinn?

3. Hvernig eru skórnir hennar á litinn?

Þetta er Tinna.


Hán er með brúnt hár.

**Hán er í bleikum
stuttermabol.**

Hán er í fjólubláum buxum.

Hán er í rauðum skóm.

Hlaupahjólið er bleikt.



1. Hvað heitir hán?

2. Hvernig er hlaupahjólið á litinn?

3. Hvernig eru buxurnar hán á litinn?

Þetta er Haukur.


Hann er með brúnt hár.

**Hann er í rauðum
stuttermabol með gulum
tölustaf.**

**Hann er í appelsínugulum
stuttbuxum með
gulri stjörnu á.**

Skórnir hans eru gráir.

**Hann heldur á
appelsínugulum bolta.**



1. Hvað heitir strákurinn?

2. Hvernig er bolurinn hans á litinn?

3. Hvaða íþrótt er hann að æfa?

Þetta er Anna.

Hún er með gult hár.

Hún er í bleikum náttfötum.

**Inniskórnir hennar
eru brúnir.**

**Hún heldur á dúkku, dúkkan
er líka með gult hár og í
bleikum náttfötum.**



1. Hvað heitir stelpan?

2. Hvernig eru náttfötin hennar á litinn?

3. Hvernig eru skórnir hennar á litinn?

Þetta er Bjarki.


Hann er með gult hár.

Hann er í bleikum stuttermabol.

Hann er í svörtum buxum.

Skórnir hans eru brúnir.

Hann heldur á bláum blómum.



1. Hvað heitir strákurinn?

2. Hvernig eru blómin hans á litinn?

3. Hvernig eru skórnir hans á litinn?

Þetta er Kata.


Hún er með rautt hár.

Hún er í fjólubláum bol.

Hún er í svörtum buxum.

Skórnir hennar eru brúnir.

Hún er reið á svipinn.



1. Hvað heitir stelpan?

2. Hvernig er bolurinn hennar á litinn?

3. Af hverju heldur þú að hún sé reið?


Þetta er Björn.

Hán er með svart hár.

Hán er í gulum buxum.

Hán er í rauðum skóm.

**Hán heldur á brúðu sem
er græn á litinn.**



1. Hvað heitir hán?

2. Hvernig eru buxurnar á litinn?

3. Hvað finnst þér að brúðan eigi að heita?

Þetta er Sara.


Hún er með blátt hár.

**Hún er í grænum
stuttermabol.**

Hún er í bleikum buxum.

Skórnir hennar eru brúnir.

Hún heldur á svartri bók.



1. Hvað heitir stelpa?

2. Hvernig er hárið hennar á litinn?

3. Hvernig eru buxurnar hennar á litinn?

Þetta er Tommi


Hann er með grátt hár.

Hann er í grænum stuttermabol.

Hann er í bleikum buxum.

Skórnir hans eru brúnir.

Hann heldur á blárri handbrúðu.



1. Hvað heitir hann?

2. Hvernig er brúðan hans á litinn?

3. Hvað vilt þú að brúðan heiti?

Þetta eru Jón og Sámur.

Jón er með brúnt hár.


Sámur er með svört eyru.

Jón er í grænum buxum.

Nefið á Sámi er bleikt.

Sámur er brúnn á litinn.

**Jón er í svörtum skóm og
bleikum bol.**



1. Hvað heitir hundurinn?

2. Hvernig er hárið hans á litinn?

3. Hvernig eru buxurnar hans á litinn?

Þetta eru Lára og Brandur

Lára er með brúnt hár.


**Brandur er með brún eyru og
appelsínugulan líkama.**

Lára er í grænum buxum.

**Brandur og Lára eru með
rauðar skikkjur.**

Lára er í bleikum bol.

Grímurnar þeirra eru grænar.



1. Hvað heitir stelpan?

2. Hvernig eru skikkjurnar þeirra á litinn?

3. Hvaða dýr er Brandur?


Þetta er Björk.

Hún er með bleikt hár.

**Hún er í fjólubláum
buxum.**

Skórnir hennar eru rauðir.


**Hún heldur á mynd.
Teiknaðu myndina hennar
Bjarkar.**



1. Hvað heitir stelpan?

2. Hvernig eru buxurnar hennar á litinn?

3. Hvað er á myndinni hennar?



Þetta eru María og Kári.


Kári er með svart hár en María er með gult hár.

Hún er í bleikum bol en hann er í grænum bol.

**Buxurnar hans eru svartar en
buxurnar hennar eru rauðar.**

**Þau eru bæði í svörtum skóm með hvítum
skóreimum.**

Mottan sem þau sitja á er bleik.



Þetta eru Árni og Kata.

Árni er með brúnt hár en Kata er með rautt hár.

Hún er í grænum bol en hann er í bleikum bol.

**Buxurnar hans eru svartar en
buxurnar hennar eru rauðar.**

Þau eru bæði í brúnum skóm.

Vegasaltið er rautt.



Þetta eru Tóti trúður.

Tóti á grænan bíl með svörtum dekkjum.


Hann er í bleikum jakka.

Bindið hans er grænt.

Tóti er með svartan hatt.

Hann er með rautt nef og rauðan munn.

Litaðu hárið hans í upphaldslitnum þínum.




Þetta eru Bára, Jara og Ásta.

Jara er að lesa græna bók. Hún er með rautt hár.

Bára er með svart hár og Ásta er með gult hár.

Stelpurnar eru í rauðum bolum og svörtum buxum.

Þær eru allar í brúnum skóm með
svörtum skóreimum.



Þetta eru Hlynur og Hlín.


Hlynur er að teikna og Hlín er að klippa.

Þau eru bæði með brúnt hár og í brúnum skóm.

**Hlín er í rauðum bol og Hlynur er í svörtum bol.
Hlynur er í grænum buxum og Hlín er í bleikum buxum.**

Borðið er brúnt.

Litirnir þeirra eru gulir, rauðir, grænir og bláir.



Þetta eru Jón og Tinni.

Þeir eru að róla.

Þeir eru báðir með svart hár og í brúnum skóm.

Jón er í rauðum bol og Tinni er í svörtum bol.

Tinni er í grænum buxum og Jón er í bleikum buxum.

Rólurnar eru brúnar.



Þetta er Jóí.

Jóí á afmæli í dag.

Hann er með bleikan og grænan afmælishatt.

Hann er í bláum bol.

Hann er í svörtum buxum.

Skórnir hans eru brúnir.

**Kakan hans er dökkbrún og ljósbrún
með bleikum kertum.**